



560. fundur stjórnar SASS

Fjarfundur haldinn

13. ágúst 2020, kl. 16:00 – 18:00

Pátttakendur: Eva Björk Harðardóttir formaður, Helgi Kjartansson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Björk Grétarsdóttir, Ásgerður Kristín Gylfadóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Ari Björn Thorarensen og Grétar Ingi Erlendsson. Einnig Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð. Fundarmenn tengdust fundinum með fjarfundarhugbúnaði.

Formaður setur fundinn og býður fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð

Fundargerð 559. fundar staðfest.

2. Drög að skýrslu og tillögum starfshóps um stöðu og hlutverk landshlutasamtaka

Fyrir fundinum liggja drög að skýrslu og tillögum starfshóps, skipaður af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, um stöðu og hlutverk landshlutasamtaka. Ásgerður Kristín sem er formaður starfshópsins kynnir helstu niðurstöður. Eftir umræður er formanni og framkvæmdastjóra falið að gera drög að umsögn og senda á stjórn til staðfestingar.

3. Ársþing SASS 2020

Ráðgert er að halda ársþing SASS 2020 í Rangárþingi ytra dagana 29. – 30. október n.k. Fyrirkomulag ársþingsins verður með hefðbundnum hætti en COVID-19 veiran getur haft í för með sér að í stað þess að hittast verði þinginu breytt í fjarfund.

Stjórn samþykkir að meginþema þingsins verði að þessu sinni nýsköpun og mikilvægi þess fyrir samfélagið. Sérstaklega yrði horft til orkuháðrar matvælaframleiðslu og nýtingar á auðlindum Suðurlands í nýsköpun og sjálfbærni.

Framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning ársþingsins.

4. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir stjórna annarra landshlutasamtaka.

Lögð fram til kynningar, fundargerð 499. fundar stjórnar SSH.



b. Kynnisferð sveitarstjórnarfólks til Danmerkur

Gert er ráð fyrir að kynnisferð sveitarstjórnarfólks á Suðurlandi verði farin til Danmerkur 8. – 11. mars 2021 (mánudagur – fimmtudagur).

c. Sóknarfæri ferðapjónustunnar - Sértek úthlutun Sóknaráætlunar Suðurlands

Formaður kynnrir stöðu verkefnisins og fór yfir minnisblað frá sviðsstjóra Þróunarsviðs SASS. Þar er farið yfir sértekú úthlutunina, þau fræðsluverkefni sem farið hefur verið í og kynningarátakið *Upplifðu Suðurland*.

Formaður kynnrir drög að svari til Hveragerðisbæjar en sveitarfélagið óskaði eftir sundurliðun á fjölda umsókna og fjölda úthlutaðra styrkja úr Sóknaráætlun Suðurlands skipt eftir sveitarfélögum síðastliðin fjögur ár. Skiptingin er með eftirfarandi hætti:

Sveitarfélög/ár	Umsóknir					Styrkveitingar				
	2016	2017	2018	2019	Samtals	2016	2017	2018	2019	Samtals
Árborg	49	46	61	71	227	27	25	38	41	131
Ásahreppur	1	1	0	0	2	1	1	0	0	2
Bláskógabyggð	12	17	15	21	65	6	15	7	12	40
Flóahreppur	9	10	9	10	38	7	8	6	9	30
Grímsnes- og Grafningsshr.	2	6	4	4	16	2	3	3	1	9
Hornafjörður	28	22	30	31	111	19	17	17	22	75
Hrunamannahreppur	8	3	3	7	21	4	3	2	4	13
Hveragerðisbær	18	22	16	17	73	11	17	14	9	51
Mýrdalshreppur	15	13	12	13	53	11	7	5	9	32
Rangárþing eystra	21	18	17	13	69	16	10	14	7	47
Rangárþing ytra	18	18	14	13	63	7	6	9	6	28
Skaftárhreppur	4	14	12	11	41	3	10	8	5	26
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	3	1	6	3	13	2	1	5	1	9
Vestmannaeyjar	20	27	32	26	105	16	13	16	16	61
Ölfus	12	14	18	16	60	7	8	11	11	37
Óstaðsett	2	3	4	7	16	0	0	0	1	1
Samtals	220	232	249	256	957	139	144	155	153	591

d. Samráð um endurskoðun á stefnumótandi byggðaaætlun

Á vef Stjórnarráðsins, sbr. [hér](#), er að finna tilkynningu um að samráð um endurskoðun á stefnumótandi byggðaaætlun stjórnvalda. Í opnu samráði geta hagaðilar komið á bændingum á framfæri um mótun, form, inntak og framkvæmd Byggðaaætlunar sem gildir fyrir tímabilið 2018-2024. Umsögnum skal skilað fyrir 31. ágúst n.k.

Stjórn hvetur sveitarfélögin til að yfirfara gögnin og koma á bændingum á framfæri á þar til gerðum samráðsvettvangi á vef Byggðastofnunar.

e. Áhersluverkefnið Orkídea

Sigurður Markússon, viðskiptaþróunarstjóri hjá Landsvirkjun, kynnrir hugmyndafræðina á bak við verkefnið Orkídea sem er samstarfsverki SASS, Landsvirkjunar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Landbúnaðarháskóla Íslands.

f. Önnur mál

- Sunnlenskum sveitarfélögum hefur verið boðið til fundar með ríkisstjórn Íslands á Hótel Læk í Rangárþingi ytra 18. ágúst n.k.



- Formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtakanna munu halda fjarfund 19. ágúst n.k. til að fjalla um sameiginleg málefni.
- Umsögn SASS um kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 lögð fram til kynningar.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 4. september n.k.

Fundi slitið kl. 17:45.

Eva Björk Harðardóttir
Helgi Kjartansson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Björk Grétarsdóttir
Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir
Ari Björn Thorarensen
Grétar Ingi Erlendsson
Friðrik Sigurbjörnsson